

Nd.

22. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um sölu Ólafsvallatorfúnnar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað þetta mál og leyfir sjer að benda á þessi atriði:

1. Jörðin Ólafsvellir, ásamt hjáleigunum, er ekki í ábúð þess manns, er æskir kaupanna, og getur sýnilega aldrei orðið það, þar sem hann er gamall maður og löngu hættur búskap. Það getur því naumast komið til mála, að *hann* nái kaupum á jörðinni.

2. Nefndinni hafa borist upplýsingar um það, að komið hafi til tals að nota jörðina til skólaseturs, enda er henni vel í sveit komið til þess. Hjer er því um almenningsnot að ræða, og er sú ástæða ein út af fyrir sig nægileg til þess að fyrirbyggja sölu.
3. Þegar Skeiðaáveitan er fullger, fær jörðin mjög stórt svæði af landi sinu undir áveitu, og er það að mestu vjeltækt engi. Það er því sjáanlegt, að hjer er um mikla framtíðarjörð að ræða og mjög dýrmæta eign fyrir landssjóð.
4. Skoðun viðkomandi sýslunefndar á þessu máli virðist vera svo mjög á reiki, að naumast er hægt að byggja neitt á henni, þar sem sýslunefnd nær einhuga leggur á móti sölnni árið 1916, en nú fyrir skömmu samþykkir sölu með 8 atkvæðum gegn 5.

Af framantöldum ástæðum ræður nefndin hv. deild til að samþykkja tillöguna óbreytta.

Alþingi, 22. apríl 1918.

Stefán Stefánsson,
formaður.

Einar Árnason,
skrifari.

Einar Jónsson.

Pjetur Þórðarson.

Sigurður Sigurðsson,
framsögumaður.